

Garðabær 13.10. 2015

B.t. Bæjarstjóra Garðabæjar

Efni: Umsókn um byggingarlóð

Arkitektastofan Zeppelin, í samstarfi við fjárfesta, sækir hér með um byggingarlóðina að Brekkuási 2.

Tilgangur: Að hanna og byggja hagkvæmar og ódýrar íbúðir fyrir ungt fólk til eignar.

Markmið: Að bjóða ungu fólki húsnaðisúrræði sem sniðin eru að þörfum þess og fjárhag. Markmiðið er að gera ungu fólki kleift að eignast sína fyrstu íbúð með lausnum sem lágmarka byggingakostnað og endurspeglast í söluverði íbúða til ungs fólks.

Að ungu fólki gefist færi á að eignast sína fyrstu íbúð og mynda eigið fé í henni strax frá byrjun í stað þess að þurfa að leita á almennan leigumarkað. En fyrir margt ungt fólk getur það verið þrautin þyngrí að losna úr viðjum leigumarkaðarins.

Umsækjendur horfa á þetta sem þróunarverkefni sem megi, ef vel tekst til, vera fyrirmynd annarra verkefna þegar menn leita lausna á húsnaðisþörf ungs fólks.

Leiðir: Kallað verður eftir skoðunum og tillögum ungs fólks í Garðabæ á því hvers konar húsnaðisúrræðum það óskar eftir og er það haft að leiðarljósi að ungu fólki sé gert kleift að eignast íbúðina í stað þess að leigja hana á almennum markaði. Settur verður á laggirnar rýnihópur þar sem stofnað verður til samráðs og samtals um það hvaða þarfir og óskir þarf að uppfylla varðandi húsnaði ungs fólks. Aðkoma bæjarfélagsins er meira en möguleg í þessari vinnu.

Zeppelin arkitektar horfa til þeirrar góðu reynslu sem þeir öðluðust við hönnun Sjólandsskóla og hyggjast nota sambærileg tæki og vinnubrögð til að laða fram nýjar og spennandi lausnir.